

Fundargerð 773. fundar

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2010, föstudaginn 26. mars kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjargbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Gísli Marteinn Baldursson í forföllum Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, Dagur B. Eggertsson, Lúðvík Geirsson, Gunnar Einarsson, Elín R. Líndal, Sigrún Björk Jakobsdóttir, Sigrún Stefánsdóttir í forföllum Smára Geirssonar, Aldís Hafsteinsdóttir og Þorvaldur Guðmundsson.

Þorleifur Gunnlaugsson boðaði forföll.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna Guðrún Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Gunnlaugur A. Júlíusson, Inga Rún Ólafsdóttir og Magnús Karel Hannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Áður en gengið var til dagskrár bauð formaður Gísli Marteinn Baldursson velkominn en hann sat nú stjórnarfund í fyrsta sinn.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 772. fundar - 1001001SA

Lögð fram fundargerð 772. fundar stjórnar sambandsins frá 26. febrúar 2010.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Verkefnaflutningur - málefni fatlaðra - 0712408SA

Lagðir fram minnisþingar frá fundi með félags- og tryggingamálaráðherra 5. mars 2010.

Lagðar fram fundargerðir 38., 39. og 40. fundar verkefnisstjórnar um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála.

Lagt fram bréf BSRB, dags. 23. mars 2010, þar sem lýst er afstöðu samtakanna til þess hvernig fara skuli með rétt til kjarasamningagerðar við flutning málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs og lögfræðings á kjarasviði sambandsins, dags. 24. mars 2010, um starfsmannamál vegna flutnings þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga, en þar kemur m.a. fram að stéttarfélagið SFR gerir kröfu til þess að starfsmenn sem skipta um vinnuveitanda við yfirfærsluna haldi félagsaðild að félaginu og fari ekki yfir í bæjarstarfsmannafélög. Launanefnd sveitarfélaga hefur hafnað því að taka upp kjarasamningssamband við SFR. Telur launanefndin að ekki sé lagaheimild fyrir því og að almenna reglan á vinnumarkaði sé sú að einn kjarasamningur eigi að gilda fyrir hverja starfsgrein á því félagssvæði sem um ræðir. Samningsfyrirsvar sé því hjá hlutaðeigandi stéttarfélögum en ekki SFR og jafnframt sé það yfirlýst stefna launanefndarinnar að fækka samnings-

aðilum og það að semja við SFR um störf sem þegar hefur verið samið um við aðra samræmist ekki þeirri stefnu.

Stjórn sambandsins styður þá afstöðu Launanefndar sveitarfélaga gagnvart kröfu SFR sem fram kemur í framangreindu minnisblaði.

3. Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga - 0911024SA

Lögð fram til síðari umræðu tillaga að breytingum á samþykktum fyrir Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga, sbr. 13. tölulið 772. fundargerðar stjórnar frá 26. febrúar 2010.

Stjórnin samþykkti í fyrsta lagi að 1. gr. samþykktu Bakhjarls sambandsins orðist svo:

Sjóðurinn er að fullu í eigu Sambands íslenskra sveitarfélaga en er rekinn sem sjálfstæð eining með sjálfstæðan fjárhag og ber heitið Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga;

og í öðru lagi að 1. mgr. 6. gr. samþykktanna hljóði svo:

Semja skal sérstakan ársreikning fyrir sjóðinn sem löggiltur endurskoðandi Sambands íslenskra sveitarfélaga og kjörnir skoðunarmenn þess yfir fara. Skal ársreikningurinn gerður í samræmi við viðurkenndar reikningsskilaaðferðir og skal hann endurspegla með skýrum hætti hver sé raunávöxtun sjóðsins.

Gunnar Einarsson kom til fundar kl. 13:00.

4. Samstarf um Staðardagskrá 21 - 1003047SA

Lagt fram bréf umhverfisráðuneytisins, dags. 19. mars 2010, þar sem ráðuneytið óskar eftir upplýsingum um áhuga og möguleikum sambandsins á að halda áfram samstarfi um að þróa Staðardagskrá 21 í sveitarfélögum landsins, m.a. með því að taka þátt í fjármögnun verkefnisins. Jafnframt lagt fram minnisblað stýrihóps um staðardagskrárstarfið á landsvísu eftir 2009 þar sem lagt er til að tryggð verði fjármagn til reksturs sjálfbærniseturs sem hefði það að aðalverkefni að veita sveitarfélögum, ríki og öðrum almenna ráðgjöf um málefni sem varða sjálfbæra þróun, aðstoða við gerð loftslagsáætlana og stuðla að samþættingu Staðardagskrár 21 við aðalskipulag.

Framkvæmdastjóra var falið að ræða við fulltrúa umhverfisráðuneytisins á grundvelli þeirra umræðna sem fram fóru á fundinum, þar sem m.a. kom fram að sveitarfélög hafi mörg hver nú þegar samþætt áætlanir um sjálfbæra þróun við skipulags- og umhverfisáætlanir sínar og e.t.v frekar ástæða til að efla starfsemi sambandsins á sviði umhverfismála en að taka þátt í því sjálfbærnisetri sem um er rætt í framangreindu minnisblaði.

5. Fundargerð félagsþjónustunefndar sambandsins - 0911050SA

Lögð fram fundargerð 2. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 22. mars 2010.

6. Fundargerð skólamálanefndar - 0504189SA

Lögð fram fundargerð 52. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 9. mars 2010.

7. Frumvarp til skipulagslaga - 1003019SA

Lögð fram drög að umsögn um frumvarp til nýrra skipulagslaga sem sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs gerði nánari grein fyrir og svaraði fyrirspurnum stjórnarmanna. Hann upplýsti jafnframt að skipulagsmálanefnd sambandsins hefði fjallað um frumvarpið á fundi sínum 25. mars sl. og lagði fram drög að fundargerð þess fundar þar sem helstu ábendingar nefndarinnar eru tíundaðar. Skipulagsmálanefnd sambandsins leggur til fáeinar breytingar á umsögninni. Einkum er það álit nefndarinnar að staðfesting aðal- og svæðisskipulagsáætlana eigi að vera verkefni Skipulagsstofnunar, eins og lagt var til í fyrri útgáfu frumvarpsins, þótt stofnuninni ætti að vera heimilt að vísa málum til umhverfisráðherra til ákvörðunar þegar sérstök ástæða er til. Jafnframt telur nefndin mikilvægt að lögin kveði skýrt á um það hvort heimilt sé að leggja fram nýjar athugasemdir þegar hinu formlega skipulagsferli er lokið, sbr. 32. gr. Þá telur nefndin að ástæðulaust sé að krefjast þess að skipulagslýsing, sbr. 23., 30. og 40. gr. sé unnin vegna minniháttar breytinga á skipulagi. Slíkrar lýsingar sé fyrst og fremst þörf vegna nýrra skipulagsáætlana og endurskoðunar gildandi áætlana.

Stjórnin er í meginatriðum sammála þeim athugasemdum sem fram koma í umsögninni og ábendingum skipulagsmálanefndar og tekur undir nauðsyn þess að leita leiða til þess að stytta skipulagsferlið frá því sem lagt er til í frumvarpinu. Einnig telur stjórnin mikilvægt að ná sátt um það hvernig gjaldtöku fyrir skipulagsvinnu verði best háttáð. Ábendingar komu fram hjá stjórnarmönnum um að heimild til gjaldtöku fyrir skipulagsvinnu, sbr. 3. tl. umsagnarinnar, gæti styrkt stöðu sveitarfélaga í samskiptum við verktaka. Einnig kom fram gagnrýni á gildandi fyrirkomulag varðandi skipulagsgjald og taldi stjórnin mega koma skýrar fram í umsögninni að endurskoða þurfi lagaákvæði sem um það gilda..

8. Frumvarp til laga um mannvirki - 1003020SA

Lögð fram drög að umsögn um frumvarp til nýrra mannvirkjalaga sem sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs gerði nánari grein fyrir. Hann upplýsti jafnframt að skipulagsmálanefnd sambandsins hefði fjallað um frumvarpið á fundi sínum 25. mars sl. og lagði fram drög að fundargerð þess fundar þar sem helstu ábendingar nefndarinnar eru tíundaðar.

Stjórnin tekur undir umsögnina og ábendingar skipulagsmálanefndar sambandsins. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu eru almennt til mikilla bóta. Þar má einkum nefna að dregið hefur verið úr leyfisveitingahlutverki Byggingarstofnunar og mun stofnunin aðeins gefa út byggingarleyfi á hafi og á öryggis- og varnarsvæðum. Sambandið gerir ekki athugasemd við þá tilhögun en leggur til að Byggingarstofnun verði skylt að leita umsagnar sveitarstjórna ef sótt er um byggingarleyfi á strandsvæði.

9. Frumvarp til laga um brunavarnir - 1003021SA

Lögð fram drög að umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um brunavarnir sem sviðsstjóri lögfræðisviðs gerði nánari grein fyrir.

Stjórnin gerir ekki athugasemdir við framlögð drög að umsögn um frumvarp til breytingar á lögum um brunavarnir.

10. Varasjóður húsnæðismála - 0408055SA

Lagt fram bréf Varasjóðs húsnæðismála, dags. 11. mars 2010, er varðar framtíð Varasjóðs viðbótarlána ásamt afriti af bréfi Langanesbyggðar, dags. 17. mars 2010, vegna greiðslna til sveitarfélaga úr sjóðnum.

Jafnframt voru lög fram drög til umræðu um nýtt samkomulag um Varasjóð húsnæðismála þar sem kveðið er á um áframhaldandi þátttöku varasjóðsins á árunum 2010, 2011 og 2012 við niðurgreiðslu áhvílandi lána félagslegra eignar- og leiguíbúða sveitarfélaga við sölu þeirra á almennum markaði í þeim tilfellum þegar innlausnarverð íbúða stendur ekki undir uppgreiðslu áhvílandi lána Byggingarsjóðs verkamanna.

Stjórnin samþykkti að veita formanni og framkvæmdastjóra heimild til þess að ganga frá samkomulagi um Varasjóð húsnæðismála við félags- og tryggingamálaráðherra og fjármálaráðherra á grundvelli þeirra gagna sem lögð voru fram á fundinum.

11. EFTA og sveitarstjórnarstigið - 0702515SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs, dags. 23. mars 2010, um fyrsta fund EFTA-sveitarstjórnarvettvangs og tilnefningu fulltrúa til þess að sinna því starfi.

Lagt fram bréf framkvæmdastjóra EFTA, dags. 2. febrúar 2010, til framkvæmdastjóra sambandsins þar sem tilkynnt er ákvörðun fastanefndar EFTA um að setja á fót sveitarstjórnarvettvang innan EFTA ásamt verklagsreglum.

Lögð fram samantekt, dags. 18. mars 2010, frá fundi um sveitarstjórnarvettvang EFTA sem sendinefndir Noregs og Íslands áttu í Strassborg þann sama dag.

Samþykkt var að senda þessi gögn til kynningar hjá landshlutasamtökum sveitarfélaga og borgarstjórn Reykjavíkur.

12. Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins - 0904135SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 22. mars 2010, um úttekt sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins á stöðu íslenska sveitarstjórnarstigsins gagnvart Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga og í ljósi efnahagshrunsins.

Lögð fram skýrsla Evrópuráðsins á stöðu íslenska sveitarstjórnarstigsins gagnvart Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga og í ljósi efnahagshrunsins, dags. 2. mars 2010.

Umræðu var frestað til næsta fundar en jafnframt var ákveðið að óska eftir því að nefnd sem vinnur að heildarendurskoðun sveitarstjórnarlaga taki skýrslu Evrópuráðsins til umfjöllunar og að höfð verði hliðsjón af þeim ábendingum sem þar koma fram við endurskoðun laganna.

13. Undirbúningsfundur/opinber innkaup - 1002036SA

Lagðir fram til kynningar minnispunktar sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs, dags. 18. mars 2010, frá fundi um samstarf sveitarfélaga um innkaupamál sem haldinn var 5. mars 2010.

14. Þingsályktunartillaga um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt - 1003043SA

Lögð fram til kynningar þingsályktunartillaga um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um allt land.

15. Frumvarp til br. á barnalögum (fyrirkomulag meðlags) - 1003003SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 2. mars 2010, um fyrirhugaðar breytingar á ákvörðun meðlags.

16. Framlög úr jöfnunarsjóði 2010 - 1001031SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 1. mars 2010, um drög að úthlutunarreglum vegna endurgreiðslu á hluta tryggingagjalds til sveitarfélaga.

17. Tilnefning í ritnefnd fyrir almennan hluta aðalnámskrár leikskóla - 1002038SA

Lagt fram til kynningar bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 23. febrúar 2010, þar sem óskað er eftir tilnefningu á einum fulltrúa sambandsins í ritnefnd fyrir almennan hluta aðalnámskrár leikskóla ásamt svarbréfi sambandsins, dags. 10. mars 2010, þar sem tilnefnd er Gunnhildur María Sæmundsdóttir, leikskólafulltrúi í Mosfellsbæ.

18. Tilnefning í ritnefnd í almennan hluta aðalnámskrár grunnskóla - 1002039SA

Lagt fram til kynningar bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 23. febrúar 2010, þar sem óskað er eftir tilnefningu á einum fulltrúa sambandsins í ritnefnd fyrir almennan hluta aðalnámskrár grunnskóla ásamt svarbréfi sambandsins, dags. 10. mars 2010, þar sem tilnefndur er Gunnar Gíslason, fræðslustjóri Akureyrarkaupstaðar.

19. Samstarfssamningur um tilraunaverkefni til styrktar langveikum og börnum með ADHD greiningu - 1001012SA

Lagt fram til kynningar minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs, dags. 24. mars 2010, með yfirliti um ráðstöfun styrkja vegna ADHD- og langveikra barna.

Næsti fundur er ráðgerður föstudaginn 7. maí nk.

Fundi var slitið kl. 14:40.

Halldór Halldórsson

Gísli Marteinn Baldursson

Dagur B. Eggertsson

Lúðvík Geirsson

Gunnar Einarsson

Elín R. Líndal

Sigrún Björk Jakobsdóttir

Sigrún Stefánsdóttir

Aldís Hafsteinsdóttir

Þorvaldur Guðmundsson

framkvæmdastjóri

ritari